

2010458 Kolefnisförgun í Straumsvík, Kolefnisförgunarver, Carbfix Coda Terminal

Starfshópur um kolefnisförgun í Straumsvík og Carbfix-verkefnið

1. fundur haldinn 7. nóvember 2022 kl. 14:15 í sal bæjarráðs.

Mætt: Valdimar Víðisson, Hildur Rós Guðbjargardóttir, Kristín Thoroddsen, Torfi H. Leifsson, Sigurður Haraldsson sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs, Sigurður Nordal sviðsstjóri stjórnsýslusviðs sem ritaði fundargerð.

Lovísa Traustadóttir boðaði forföll.

Dagskrá:

1. Kynning frá Carbfix

Fulltrúar Carbfix mæta til fundar og kynna Coda Terminal verkefnið. Frá Carbfix eru mætt Kristinn Jakobsson, Eva Dís Þórðardóttir og Edda Björk Ragnarsdóttir. Umræður. Rætt m.a. um mikilvægi ásýndar mannvirkja og góðs samráðs við íbúa Hafnarfjarðar. Ákveðið að hópurinn og bæjarfulltrúar kynni sér starfsemi Carbfix á Hellisheiði.

2. Viljayfirlýsing

Drög að viljayfirlýsingu rædd. Engar efnislegar athugasemdir en fram kemur í drögunum að jafnframt er gert ráð fyrir tvíhliða viljayfirlýsingum aðila verkefnisins.

3. Erindisbréf

Farið yfir erindisbréf og verkefni hópsins.

4. Önnur mál

Stefnt að því að finna dagsetningu fljótlega fyrir heimsókn á Hellisheiði. Tillaga um að Valdimar Víðisson leiði starfshópinn samþykkt.

Fundi slitið um kl. 15:15.